

Mannvit hf.
Haukur Einarsson
Urðarhvarfi 6
203 Kópavogur


Reykjavík 4. júlí 2018
UST201806-231/B.S.
10.05.08

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Virkjun - Þverá í Vopnafirði


Vísað er til bréfs Mannvits hf. dags. 19. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreind drög.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdinni og framkvæmdasvæði sé lýst eins vel og kostur er á núverandi stigum framkvæmdarinnar. Kynnt er umfjöllun um umhverfisþætti og er þar dregið á þau atriði sem helst skipta máli.

Umhverfisstofnun telur að gera eigi ítarlega grein fyrir þeim vinnubrögðum sem viðhöfð verða við frágang lagnaleiða og efnisnáma við mat á umhverfisáhrifum og slíkt ekki látið bíða útgáfu framkvæmdaleyfa enda um mikilvæg atriði að ræða varðandi sjónræn áhrif framkvæmdarinnar.


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri